



## Afrekssjóður Badminton sambands Íslands

Markmið sjóðsins er að gefa leikmönnum sem tilheyra Afrekshóp eða Úrvalshóp U15-U19 aukin tækifæri til þátttöku í alþjóðlegri keppni með því að styrkja þá með fjárframlagi.

Heildarupphæð í sjóðnum á ári hverju ræðst af fjárhagsstöðu Badminton sambandsins og skal ákveðin í fjárhagsáætlun á þingi þess. Þeir fjármunir sem ekki eru nýttir á fjárhagsárinu renna til annarra afreksverkefna á vegum BSÍ.

Sjóðsstjórn er skipuð af stjórn BSÍ.

Einungis þeir leikmenn sem eru í landsliðshópnum Afrekshópur og Úrvalshópur U15-U19 geta sótt um styrki úr sjóðnum. Aðeins er veittur styrkur til verkefna sem talin eru geta aukið afreksstig leikmanna. Þeir leikmenn sem hafa lokið unglingsflokkum geta aðeins sótt um styrk vegna móta sem gefa stig á heimslista. Þeir leikmenn sem eru í unglingsflokkum geta sótt um styrk vegna alþjóðlegra unglingsmóta eða unglingsmóta í svipuðum styrkleika. Þá geta leikmenn í unglingsflokkum einnig sótt um styrk vegna alþjóðlegra æfingabúða.

Styrkbeiðni skal berast skrifstofu BSÍ í síðasta lagi sex vikum fyrir fyrirhugað verkefni ásamt fjárhagsáætlun. Styrkbeiðni skal berast frá félagi viðkomandi leikmanns. Á árinu 2019 geta leikmenn í Úrvalshópi U15-U19 sótt um einu sinni en leikmenn í Afrekshópi geta sótt um tvisvar sinnum. Á árinu 2020 og eftir það er hægt að sækja um tvisvar sinnum á ári fyrir hvern einstakling í Úrvalshópi U15-U19 en fjórum sinnum á ári fyrir hvern einstakling í Afrekshópi en sjóðsstjórn getur veitt undanþágu um styrki til fleiri verkefna.

Umsókninni þarf að fylgja kostnaðaráætlun.

Sjóðsstjórn ákveður upphæðir styrkja út frá heildarkostnaði við verkefnið, lengd ferðar, fjarlægð til mótsstaðar og fleira. Stefnt er að því að svara styrkumsókn í síðasta lagi fimm vikum fyrir fyrirhugað verkefni.

Reglur þessar skulu birtar á heimasíðu BSÍ ásamt upplýsingum um heildarstyrkupphæð á ári hverju.

Samþykkt á fundi stjórnar BSÍ þann 25.september 2019.